

## **Stefnuræða með fjárhagsáætlun 2010 – fyrri umræða 17. desember 2009**

---

### **Helstu stærðir**


Frumvarp að fjárhagsáætlun Bolungarvíkurkaupstaðar fyrir árið 2010 er hér lagt fram til fyrri umræðu. Gert er ráð fyrir að A-hluti bæjarsjóðs skili 52 m.kr hagnaði, þar af eru 14 m.kr vegna sérstaks álags á útsvar. Ennfremur er gert ráð fyrir að rekstur samstæðunnar A- og B-hluti skili 108 m.kr hagnaði, en hagnaður í félagslega íbúðakerfinu, sem er B-hluta fyrirtæki skýrist að mestu af niðurfellingu lána að fjárhæð 73 milljónir króna.

Því er reiknað með að sveitarfélagið sé sjálfbært á árinu 2010 eins og þær áætlanir sem gerðar voru um síðustu áramót og samningur við Eftirlitsnefnd með fjármálum sveitarfélaga gerði ráð fyrir. Áætlunin gerir ráð fyrir mun minni skatttekjum en stefnir í árið 2009 og er munurinn ríflega 50 milljónir til lækkunar. Þá er gert ráð fyrir minni tekjum úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga sem nema 12 milljónum króna. Veltufé frá rekstri er áætlað 126 m.kr eða 20% af heildartekjum. Gert er ráð fyrir niðurgreiðslu skammtíma- og langtímalána að upphæð 221 m.kr og fjárfestingu að upphæð 66 m.kr, en tekin verði ný lán að upphæð 80 m.kr. Nettóskuldir samstæðunnar verða skv. áætluninni 880 m.kr í lok ársins 2010.

### **00 Skatttekjur**

#### **Útsvar**

Fjárhagsáætlun gerir ráð fyrir að útsvarsprósenta ársins 2010 verði 13,94% í stað 14,61% útsvars á árinu 2009. Þessi lækkun hefur þau áhrif að áætlað útsvar lækkar um 14 m.kr



#### **Jöfnunarsjóður**

Reiknað er með að tekjur úr Jöfnunarsjóði sveitarfélaga verði 121 m.kr á árinu 2010, en áætlun ársins 2009 gerði ráð fyrir 133 m.kr. Lækkun á milli ára er því 12 m.kr. eða um 10%.

## **Fasteignagjöld**

Fasteignaskattur á íbúðarhúsnæði (A) er 0,5% af fasteignamati húss og lóðar. Fasteignaskattur á opinbert húsnæði í eigu ríkisins (B) og aðrar fasteignir (C) er 1,32% af fasteignamati húss og lóðar. Vatnsgjald er 0,40% og holræsagjald 0,30% af fasteignamati húss og lóðar, en lóðarleiga 1% af fasteignamati lóðar fyrir íbúðarhús en 2% af fasteignamati lóðar fyrir aðrar lóðir. Sorphreinsigjald er 15.400 kr/íbúð og sorpeyðingargjald er 17.600 kr/íbúð og hækka þau gjöld því um 10% á milli ára. Veittur er 5% staðgreiðsluafsláttur ef öll fasteignagjöldin eru greidd fyrir 20. mars 2010.

Sorphreinsi- og sorpeyðingargjald er með herra móti ef miðað er við önnur sveitarfélög, en sorpeyðing á svæðinu er dýr. Ljóst er að fara þarf vel yfir málaflokkinn með hagræðingu í huga og er unnið að tillögum í því efni.

## **Gjaldskrár**

Almenn hækkun á gjaldskrá er 5%. Þó er engin hækkun á gjaldskrá tónlistarskólans á milli ára. Engin hækkun var heldur á gullkortum í íþróttamiðstöð. Sú nýbreytin er líka tekin upp að íþróttahúsið býður uppá „Heilsubæjarkort“ sem er endurnýjun á hvaða gullkorti sem er í Heilsubæjarkort en það er gullárskort með 20% afslætti. Þannig er reynt að hvetja fólk til að kaupa árskort og nýta sér íþróttamiðstöðina í „Heilsubænum“ sem mest.

## **02 Félagsþjónusta**

Gert er ráð fyrir að rekstrarniðurstaða félagsþjónustu verði útgjöld að upphæð 27 m.kr. Reiknað er með að laun lækki frá áætlun 2009, en á móti kemur að reiknað er með að húsaleigubætur hækki og að meira fé verði varið í félagslega aðstoð.

## **04 Fræðslu og uppeldismál**

Fræðslu og uppeldismál eru stærsti útgjaldaliður sveitarfélagsins. Reiknað er með að launkostnaður lækki frá áætlun 2009 um 4,5%, eða rúmlega 6 m.kr, en annar rekstrarkostnaður hækki um 6% eða nálægt 3,6 m.kr. Þar munar mest um innri húsaleigu sem er í raun tilfærsla á milli deilda innan sveitarfélagsins, en eignasjóður fær tekjur sínar af innri húsaleigu. Í þessu tilfelli er eignasjóður að leigja skólastofnunum afnot af skólahúsnæðinu.

Launakostnaður tónlistarskólans lækkar mest frá áætlun 2009. Lækkunin nemur 5 m.kr eða 29% á milli ára. Lækkun á launakostnaði grunnskólans frá áætlun 2009 er 1 m.kr, en kostnaðurinn hefur lækkað um 3 m.kr frá ársreikningi 2008. Launakostnaður leikskólans er óbreyttur frá áætlun 2009, en lækkar um 1,5 m.kr frá ársreikningi 2008. Laun til fræðslumála eru þannig að lækka bæði árið 2009 og 2010, þrátt fyrir launahækkunir, en launatafla kennara hækkaði 1. ágúst 2008 og 1. jan 2009. Þá er rétt að geta þess að hækkun tryggingargjalds úr 5,34% eins og það var á árinu 2008 í 8,6%, sem tekur gildi um næstu áramót er í raun að hækka launakostnaðinn í fræðslumálunum um 5 m.kr. á árinu 2010, sé tekið mið af árinu 2008. Raunveruleg hagræðing í fræðslumálum frá því árið 2008 er því nálægt 25 m.kr. á ári, ef tekið er tillit til launahækkana og hækkunar tryggingagjalds frá árinu 2008.

Samband íslenskra sveitarfélaga hefur unnið að tillögum varðandi tímabundna hagræðingu í grunnskólastarfi. Tillögurnar hafa verið sendar mennta- og menningarráðuneytinu til nánari

skoðunar. Áætlun sú sem hér er lögð fram tekur ekki tillit til þeirra hugmynda sem þar eru settar fram og birtust á vef sambandsins í gær. Þær hugmyndir er þó sjálfsagt að skoða fyrir síðari umræðu um fjárhagsáætlun, án þess að neitt sé fullyrt um hvort þær hugmyndir hugnist bæjarfulltrúum.

Rétt er að áréttta að áætlunin miðar við þær hagræðingaraðgerðir sem þegar hafa tekið gildi í starfsmannamálum sveitarfélagsins.

### **Könnun á sameiningu skólastiga**

Í vikunni var bæjarfulltrúum og skólastjórnendum kynnt skýrsla varðandi úttekt á fjárhagsstjórnunar- og faglegum áhrifum þess að sameina grunn-, leik- og tónlistarskóla bæjarfélagsins undir eina stjórn. Í því gæti falist aukið samstarf skólastiganna, samþætting þeirra eða sameining að hluta eða öllu leyti. Um er að ræða viðamikla úttekt sem bæjarfulltrúar, fræðslumálaráð og skólastjórnendur hafa nú til frekari skoðunar. Farið er ýtarlega yfir ýmis mál sem oft hafa komið upp í umræðunni á undanförunum árum t.a.m. framtíðarskipan leikskólamála. Þótt skýrslan sé hér ekki til umræðu á þessum fundi er rétt að taka fram að í henni er ekkert sem kallar á að stórar ákvarðanir séu teknar í neinum flýti varðandi skipulag fræðslumála. En í skýrslunni er mikil áhersla lögð á gott samráð allra þeirra sem að málinu koma. Fjárhagsáætlun ársins 2010 sem hér er lögð fram tekur ekki mið af þeim hagræðingarmöguleikum sem settir eru fram í skýrslunni.

### **06 Æskulýðs- og íþróttamál**

Útgjöld til málaflokksins aukast um 1 m.kr á milli ára. Það segir þó ekki alla söguna, því eins og hjá öðrum deildum hefur innri leiga hækkað um 10% á milli ára sem skýrir hækkun á öðrum rekstrarkostnaði um 3 m.kr. Innri leigan reiknast til tekna í eignasjóði sem kemur þá á móti kostnaðarhækkuninni. Þá er rétt að geta þess að Félagsmiðstöðin Tópas er nú í húsnæði í eigu sveitarfélagsins og borgar því innri leigu í stað þess að leigja af utanaðkomandi aðila.

Launakostnaður í íþróttamiðstöðinni Árbæ er áætlaður 17 m.kr. Kostnaðurinn var 20,4 m.kr á árinu 2008 og hefur því náðst þar 15% hagræðing þrátt fyrir þær launahækkanir sem orðið hafa.

### **07 Brunamál og almannavarnir**

Til skoðunar er að sameina slökkviliðin í Bolungarvík og á Ísafirði með tilkomu jarðganga næsta sumar. Talið er að hægt sé að bæta þjónustuna og auka öryggi íbúanna með sameiningu liðanna. Engin ákvörðun hefur verið tekin í þessu efni, en ef af yrði, þá er reiknað með því að útgjöld á íbúa gætu lækkað talsvert. Í áætluninni er ekki reiknað með þeirri miklu hagræðingu sem talin er geta orðið með sameiningu liðanna. Þó er gert ráð fyrir samdrætti í launakostnaði frá áætlun 2009 um 800 þús. krónur.

### **09 Skipulags og byggingamál**

Gert er ráð fyrir að nettó útgjöld vegna skipulags og byggingamála verði einungis tæplega 1 m.kr. Skýringin á því er sú að vænta má endurgreiðslu vegna vinnu við aðalskipulag að upphæð 5 m.kr. á árinu 2010. Fjárhagsáætlun ársins 2009 gerði reyndar ráð fyrir þeim tekjum, sem þá munu færast yfir á árið 2010, en þær munu innheimtast þegar aðalskipulagið verður kynnt og samþykkt á árinu 2010.

Einnig er reiknað með talsverðum sparnaði á árinu 2010 með nýju fyrirkomulagi á tækniþjónustu og þjónustu byggingarfulltrúa kaupstaðarins. Reiknað er með að nettó útgjöld vegna þessa lækki úr 6,1 m.kr í 2,9 m.kr.

## **10 – 11 Umferðar og samgöngumál og umhverfismál**

Litlar breytingar eru á niðurstöðu þessara liða á milli árána 2009 og 2010, en aðallega er um að ræða færslu á milli liða innan málaflokkana. Munurinn ef borið er saman við árið 2008 er þó mun meiri, en þá kemur í ljós að dregið hefur verið úr kostnaði við málaflokkinn um 17 m.kr.

## **21 Sameiginlegur kostnaður**

Launakostnaður stendur í stað á milli ára, en önnur útgjöld hækka á milli ára um 4 m.kr. Er þar aðallega um að ræða vanáætlun á kostnaði á fyrra ári m.a. vegna samtaka sveitarfélaga.

## **28 Fjármagnsliðir**

Fjárhagsáætlunin gerir ráð fyrir að verðbólga ársins 2010 verði 6,1% en það er verðbólguþá Seðlabankans fyrir árið 2010. Reiknað er með að fjármagnsliðir verði samtals neikvæðir um 83,8 m.kr Þá er reiknað með að afskriftir verði samtals 30,5 milljónir króna.

Komið hefur upp umræða um það hvort rétt sé að færa til tekna niðurfellingu á lánum íbúðalánasjóðs um 73 m.kr eins og gert er hér í fjárhagsáætlun. Til að taka af allan vafa í því efni var leitað svara hjá samgönguráðuneytinu, nánar tiltekið „Reikningskila- og upplýsinganefnd sveitarfélaga“. Það var niðurstaða nefndarinnar að „almennt skuli færa slíkt sem tekjur og þá undir óreglulega liði og er það í samræmi við góða reikningskilavenju.“

Ljóst er að í öllu falli sparar niðurfellingin sveitarfélaginu greiðslur sem skattgreiðendur framtíðarinnar hefðu annars þurft að greiða.

## **Fjárfestingar ársins**

### **Félagsheimili Bolungarvíkur – endurbygging**

Endurbygging Félgasheimilis Bolungarvíkur er nú langt á veg komin. Af verksamningi við verktaka standa nú eftir ríflega 40 milljónir króna til að ljúka tilboðsverki sem hafið var í byrjun árs 2008. Upphafleg áætlun reiknaði með að verkinu yrði lokið á árinu 2008, en með samningi við verktaka var hægt á verkinu og ákveðið að fara í ca. 80% verkstöðu á árinu 2009. Það gekk eftir. Nú standa einungis ríflega 20% af þeim verksamningi eftir eða nálægt 45 m.kr., en þar fyrir utan þarf væntanlega 25 m.kr til að ljúka við framkvæmdir og í kaup á borðum og stólum ofl. innanstokksmunum. Samtals vantar því 70 m.kr til að ljúka verkinu. Í fjárhagsáætlun fyrir árið 2010 hefur verið reiknað með 25 m.kr til verksins, en bæjarráð hefur rætt það sérstaklega að endurskoða þá upphæð til hækkunar fyrir síðari umræðu um fjárhagsáætlun, en þá ættu að liggja fyrir betri upplýsingar til að meta tekjuspá ársins nákvæmar.

## **Snjóflóðavarnir**

Reiknað er með að framkvæmdir í snjóflóðavörnum verði 350 m.kr á árinu. Hlutur bæjarfélagsins er 10% eða 35 m.kr og verður að fullu fjármagnaður með láni frá Ofanflóðasjóði.

## **Bolungarvíkurhöfn**

Reiknað er með að fjárfesting ársins hjá Bolungarvíkurhöfn verði 6 m.kr. Þar er um að ræða 1 m.kr sem er hlutur bæjarfélagsins vegna rafmagns á Brimbrjót, en einnig er reiknað með að auka viðlegupláss við flotbryggju með lengingu hennar, en leitað verður tilboða í það verk.

## **B-hluta fyrirtæki**

Félagslega húsnæðiskerfið hefur verið þungur baggi á sveitarfélaginu mörg undanfarin ár. Sýnt hefur verið fram á að raunverulega heildarskuld kerfisins í árslok hafi numið 774 m.kr í árslok 2008, en bókfært verðmæti eigna var þá 190 m.kr. Af þessum skuldum húsnæðiskerfisins voru 340 m.kr skuldir við lánastofnanir, en 430 m.kr voru skuldir við aðalsjóð m.v. uppreikning með verðbótum og 3% vöxtum. Verðbætur og vextir vegna þessa voru þó ekki bókaðir á húsnæðiskerfið sérstaklega, heldur komu í raun sem vaxtakostnaður á aðalsjóð. Stóran hluta skulda A-sjóðs má því í raun rekja til innlausnarskyldu sveitarfélagsins á íbúðum á verði sem var langt yfir markaðsverði. Var þar um stjórnvaldsaðgerð (lög) að ræða sem sveitarfélagið fékk engu ráðið um á þeim tíma.

Af ofangreindum ástæðum sá EMFS ástæðu til þess að leita til Íbúðalánasjóðs varðandi niðurfellingu á hluta af lánum húsnæðiskerfisins hjá sjóðnum. Markmiðið var að ná skuldum kerfisins í það horf að tekjur þess gætu staðið undir rekstri og skuldbindingum þess. Ekkert var þó gert gagnvart A-sjóði og mun því rekstur A-hluta þurfa að bryðja niður þær skuldir, sem hann tók á sig vegna félagslega íbúðakerfisins og hefur greitt skilvíslega af síðan, án sérstakra framlaga frá því opinbera.

Á árinu 2010 er gert ráð fyrir að síðari hluti niðurfellingar hjá Íbúðalánasjóði náist þ.e. að felldar verði niður þær 73 milljónir króna sem frystar voru í eitt ár frá janúar 2009 að telja, en sjóðurinn felldi niður, sem kunnugt er 73 m.kr á þessu ári.

## **Að lokum**

Bæjarstjóri vill að lokum þakka forstöðumönnum stofnana, fjármálastjóra og öðrum starfsmönnum ásamt bæjarráði fyrir gott samstarf við vinnu fjárhagsáætlunar og leggur hér með fram fjárhagsáætlun ásamt gjaldskrár fyrir Bolungarvíkurkaupstað fjárhagsárið 2010 til fyrri umræðu.

Bolungarvík 17. desember 2009  
Elías Jónatansson, bæjarstjóri